

Fundur í fagráði nautgriparæktar 16. júlí 2020

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 16. júlí 2020 og hófst kl. 10.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Andri Már Sigurðsson, Hafþór Finnbogason, Margrét Gísladóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í júní 2020
3. Erindi frá BÍ og LK vegna erfðamengisúrvals
4. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til fundar. Fundargerð síðasta fundar, dags. 15. apríl 2020, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Helstu niðurstöður kynbótamats í júní 2020.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats í júní. Flest þeirra reyndu nauta sem verið hafa í notkun standa vel við fyrri dóm en þó eru aðeins breytingar í hópi þeirra yngri. Guðmundur sagði það meðal annars vera vegna þess að tekist hefði að leiðrétta villu sem var í útreikningi á einkunn fyrir mjólkurmagn, hún hefði þó ekki haft áhrif á afurðaeinkunn og þar með ekki heildareinkunn. Hann sagði jafnframt að sú reynsla sem væri að koma á mælidagalíkanið sýndi að þar gætu orðið all nokkrar breytingar á afurðamati milli keyrslna, einkum hjá yngri nautum sem væru með tiltölulega fáar dætur.

Ákveðið að setja Köngul 15019, Svamp 15027 og Ábóta 15029 í notkun. Sjarmi 12090, Jörfi 13011, Hálfmáni 13022, Ýmir 13051 og Bárður 13027 fara út úr skrá um leið og allt sæði er uppuríð úr þeim en þeir eru á síðustu stráunum. Vals 14087 verður einnig tekinn úr notkun en hann lækkaði fyrir jógur og spena milli keyrslna þá verður Kætir 15004 einnig tekinn úr notkun en inn kemur annar Toppssonur.

Nautsfeður verða áfram Pipar 12007 og Kláus 14031. Nýir nautsfeður verða Hæll 14008 og Risi 15014.

3. Erindi frá BÍ og LK vegna erfðamengisúrvals.

Fagráði hefur borist erindi frá BÍ og LK vegna erfðamengisúrvals þar sem ætlunin er að fara fram á fjármuni úr samningi um starfsskilyrði nautgriparæktarinnar vegna verkefnisins. Eftirfarandi ályktun frá fagráði samþykkt og Guðmundi falið að senda hana til BÍ og LK:

„Fagrád í nautgriparækt hefur farið yfir samantekt um stöðu erfðamengisúrvals og minnisblað frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarsins (RML) og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Erfðamengisúrval í nautgriparækt hefur nú þegar kostað verulegar fjárhæðir eða sem nemur nálægt 111 milljónum króna, en jafnframt er fyrirsjáanlegt að þeir fjármunir hrökkva ekki til. Til þess að ljúka verkefninu er áætlað að eftirfarandi fjármuni þurfi:

Stækkun viðmiðunarhóps	27.000.000 kr.
Yfirfærsla í DMU, þjálfun o.þ.h.	18.000.000 kr.
Nýtt kynbótaskipulag	12.000.000 kr.
Lokaskref og ófyrirséð	5.000.000 kr.
Samtals:	62.000.000 kr.

Verkefnið myndi þá kosta í heildina nálægt 170 milljónum króna. Í samanburði við mat manna á væntanlegum ávinningi myndi verkefnið greiða þann kostnað upp á skömmum tíma og arðbærari fjárfesting er vandfundin. Þá hefur ekki verið lagt mat á fjárhagslegan ávinning af minni losun gróðurhúsalofttegunda né heldur þau verðmæti sem liggja í verðveislu erfðaaauðlinda og líffræðilegs fjölbreytileika.

Fagráð tekur undir að nauðsynlegt er að fá fjármagn svo hald megi verkefninu áfram og ljúka innleiðingu erfðamengisúrvals svo fljótt sem verða má. Raunhæft er að á árinu 2023 verði nýtt kynbótaskipulag tekið til notkunar, horfið að fullu frá hefðbundnum afkvæmarannsóknum og byggja val nauta, nautsmæðra og allt kynbótamat á arfgerðargeiningum.

Fagráð ítrekar einnig nauðsyn þess að fjármagn til áframhaldandi reksturs og þróunar verði eyrnamerkt verkefninu þannig að kynbætur nautgripa á Íslandi verði stundaðar með nýjustu og bestu aðferðum sem völ er á hverju sinni. Þannig má reikna með að árlegur rekstrarkostnaður við erfðamengisúrval nemi ríflega 70 milljónum kr. ef horft er til þess að gera hlutina með besta mögulega hætti. Fjármagna má þann þátt með ýmsum hætti.

Fagráð bendir á að ávinningur með erfðamengisúrvali liggur fyrst og fremst í auknum erfðafrámförum. Það er mat sérfræðinga að aukning árlegra erfðafrámfara geti numið 20-30% án þess að tekið sé tillit til styttingar ættliðabils. Að teknu tilliti til þess gæti verið um að ræða allt að tvöföldun erfðafrámfara. Árin 2007-2017 námu erfðafrámfarir í íslenska kúastofninum 1,4 stigum á ári. Við vinnu á mati hagrænna eiginleika í nautgriparækt var það mat skýrsluhöfunda að sömu erfðafrámfarir með eilítið breyttri heildareinkunn sem tekur mið af hagrænu vægi eiginleika skili hagræðingu upp á 148 milljónir króna á ári. Þessi tala tekur einkum mið af lækun framleiðslukostnaðar og því mun þessi ávinningur fyrst og fremst skila sér í hagkvæmari framleiðslu sem kemur neytendum til góða. Verði raunin sú að erfðamengisúrval tvöfalda erfðafrámfarir myndi þessi upphæð nema rétt tæpum 300 milljónum króna á ári.

Rekstrarkostnaður Nautastöðvarinnar myndi lækka vegna umfangsminna birgðahalds á sæði og minni sæðistöku á ári hverju. Þá má reikna með því að hvert naut verði styttri tíma í sæðistöku en nú er sem þýðir minni kostnað við fóðrun og hirðingu gripanna.

Fagráð bendir á að kýr í hárrí nyt losa minna magn gróðurhúsalofttegunda á hvern framleiddan lítra mjólkur en kýr í lágrí nyt. Með afkastameiri gripum minnkar því losun á hvern framleiddan lítra. Erfðamengisúrval er sérstaklega áhugavert með loftslagsmál í huga því það gerir kynbætur fyrir eiginleikum sem er dýrt og erfitt að mæla mögulegar í fjárhagslegu tilliti. Þetta á vel við um losun gróðurhúsalofttegunda en þær lofttegundir sem um ræðir er bæði erfitt og dýrt að mæla. Ef miðað er við að hver mjólkurkýr á Íslandi mjólki 6.500 lítra á ári nemur heildarlosun mjólkurframleiðslunnar nálægt 195 millj. kg koltvísýringasígilda. Minnkun um 5% væri því rétt um 10 millj. kg koltvísýringasígilda.

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til varðveislu líffræðilegs fjölbreytileika og varðveislu erfðaaauðlinda. Það er samdóma álit vísindamanna og annarra er að koma að varðveisla íslenska kúastofnsins verði best við komið með því að nýta kynið í framleiðslu. Til lengri tíma litið er líklegt að íslenskir kúabændur muni ekki sætta sig við að nota til framleiðslu kúakyn þar sem ekki eru nýttir allir möguleikar til kynbóta og framfara sem til boða standa. Þannig er mjög trúlegt að komi erfðamengisúrval ekki til framkvæmda innan mjög fárra ára muni umræða um innflutning annars mjólkurkúakyns vakna á nýjan leik. Yrði raunin sú kæmist íslenska kúakynið mjög fljótt í útrýmingarhættu en stofninn má í reynd ekki verða minni en hann er í dag til þess að teljast sjálfbær. Allar líkur eru á að erfðamengisúrval muni auka áhuga á ræktunarstarfinu, efla virka þátttöku og styrkja kynbótastarfið þannig enn frekar. Þannig mun erfðamengisúrval tryggja viðhald og viðgang íslensku kýrinnar."

4. Önnur mál.

Rætt um sæðistöku á Stóra-Ármóti.

Formaður sagði frá því að hann afgreiddi áfangagreiðslur úr þróunarsjóði jafnóðum og þær kæmu frá Framleiðnisjóði og því að RML hefði gert ákveðnar breytingar á tveimur verkefnum sem hefðu ekki fengið fullt framlag. Hann lýsti ánægju með þau vinnubrögð að fagrað væri upplýst á þann hátt um stöðu mála.

Hafþór sagðist reikna með að þetta væri hans síðasti fundur sem áheyrnarfulltrúi LbhÍ og þakkaði fyrir samstarfið. Fundarmenn tóku undir það með þökkum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Andri Már Sigurðsson
(sign.)

Herdís Magna Gunnarsdóttir
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 15. apríl 2020
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í júní 2020
3. Erindi frá BÍ og LK vegna erfðamengisúrvals